
FADIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Í bljúgri bæn

Pétur Þórarinnsson

Jarðsett verður í Bjarnaneskirkjugarði við Laxá

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Jörg Sondermann
Kór: Samkór Hornafjarðar
Einsöngur: Þórdís Sævarsdóttir
Umsjón: Albert Eymundsson



*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu og býður
kirkjugestum að þiggja veitingar í Mánagarði að athöfn lokinni.*



Ása Finnsdóttir



Fædd 7. ágúst 1926

Dáin 21. september 2022

*Útför frá Hafnarkirkju,
föstudaginn 30. september 2022*

FORSPIL

Ave Maria

e. Kaldalóns (einsöngur)

SIGNING OG BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýtttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð til þín,
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson / L. Mason

RITNINGARLESTUR

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
unz fíráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
Nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Newman / Matthías Jochumsson / C. H. Purday

RITNINGARLESTUR

Leið mig, Guð,
leið mig í þitt réttlæti,
Gjör sléttan veg þinn fyrir mér,
því að þú Drottinn,
aðeins þú Drottinn,
lætur mig hvíla í náðum.

GUÐSPJALL

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sb. 1871 - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Sb. 1945 - Matthías Jochumsson

MINNINGARORÐ

Kirkjan ómar öll,
býður hjálp og hlíf,
þessi klukkaköll
boða ljós og líf.
Heyrið málmsins mál.
Lofið Guð sem gaf.
Og mín sjúka sál
verður hljóma haf.

Kveikt er ljós við ljós,
burt er sortans svið.
Angar rós við rós,
opnast himins hlið.
Niður stjörnum stráð,
engill fram hjá fer.
Drottins nægð og náð
boðin alþjóð er.

Stefán frá Hvítadal - Sigvaldi S. Kaldalóns

BÆN

EINSÖNGUR

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys.
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn ljúfi blær.
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðja ljúfa, ljá mér vinarhönd,
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Forster / Jón frá Ljárskógum